

Rjóður

Starfsáætlun

2022-2023

Kennarar á deildinni eru:

Hulda Ósk Harðardóttir Deildarstjóri vinnutími 8:00 – 16:00

Eydís Eypórsdóttir Kennari vinnutími 8:15 – 14:15

Monika Wlazlak Kennari vinnutími 8:00 – 16:00

Agata Kristín Oddfríðardóttir B.ed í leikskólafræðum vinnutími 8:00 – 16:00

Salbjörg Ragnarsdóttir Starfsmaður í leikskóla vinnutími 8:00 – 16:00

Í Rjóðri er áhersla lögð á markvissa málörvun, umhverfismennt, sjálfshjálp, félags og tilfinningaþroska og uppbyggingu sjálfsmyndar

Dagskipulag Rjóðurs veturinn 2021-2022

Klukkan	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
07:45	Rjóður opnar	Rjóður opnar	Rjóður opnar	Rjóður opnar	Rjóður opnar
08:10 – 09:00	Morgunmatur - leikur	Morgunmatur - leikur	Morgunmatur - leikur	Morgunmatur - leikur	Morgunmatur - leikur
09:00 / 10:30	Listir og fínhyfistarf Útivera	Mál- og skynörvun Útivera	Hreyfing / Vettvangsferðir Útivera	Hópavinna Tónlist Útivera	Uppákomur Útivera
09:30	Ávaxtastund	Ávaxtastund	Ávaxtastund	Ávaxtastund	Ávaxtastund
10:30 – 10:45	Salerni	Salerni	Salerni	Salerni	Salerni
10:45	Samvera / söngstund	Samvera / söngstund	Samvera / söngstund	Samvera / söngstund	Samvera / söngstund
11:00	Hádegismatur	Hádegismatur	Hádegismatur	Hádegismatur	Hádegismatur
11:30 – 14:00	Hvíld / leikur	Hvíld / leikur	Hvíld / leikur	Hvíld / leikur	Hvíld / leikur
14:15 – 15:00	Síðdegishressing	Síðdegishressing	Síðdegishressing	Síðdegishressing	Síðdegishressing
15:00 – 16:15	Leikur	Leikur	Leikur	Leikur	Leikur
16:15	Rjóður lokar	Rjóður lokar	Rjóður lokar	Rjóður lokar	Rjóður lokar

Matartímar

+ Morgunmatur

- Hvert barn á sitt sæti. Notum þau til að byrja með. Sjáum til hvernig gengur og stefnum á að fara í flæði með vetrinum.

+ Ávaxtastund

- Eftir leik/hópavinnu og fyrir útiveru er ávaxtastund og einnig eftir hverja máltíð.

+ Hádegismatur

- Hvert barn á sitt sæti.
- Börnin hvött til að smakka allan mat.

+ Síðdegishressing

- Hvert barn á sitt sæti.
- Gefum þeim smá vatn fyrst til að svala þorsta, svo fá þau mjólk og meðlæti.

Hópavinna

+ Í hópavinnu er börnunum skipt í litla hópa. Markmiðið er að fá næði og tækifæri til að kynnast börnunum og finna leiðir til að efla þroska hvers og eins. Viðfangsefni eru fjölbreytt og notuð til að nálgast alla þroskaþætti út frá Aðalnámskrá leikskóla.

+ Í gegnum hópavinnu stuðlum við að samheldni og ábyrgðarkennd barnanna gagnvart hverju öðru.

+ Barnið myndar tengsl við jafningja sína og lærir að vinna og leika sér í hóp.

+ Barnið lærir að vinna með fjölbreytileg námssvið og efni og öðlast þannig dýrmæta reynslu og þekkingu sem er liður í uppbyggingu sjálfsmýndar.

+ Hópavinna auðveldar kennurum að fylgjast náið með þroska og getu hvers barns og að hafa heildarsýn yfir hópinn.

+ Hver starfsmaður sér um ákveðna stund og tekur öll börnin í vinnu til sín. Til dæmis sá sem tekur að sér myndlist og fær þá til sín öll börnin. Í málörvunarstundum mun ákveðin starfsmaður taka að sér að vinna með þessar stundir en allir starfsmenn þátt í að efla málörvun yfir daginn.

Alla morgna frá kl. 9:00 – 9.45 fara börnin í vinnustundir.

Mánudagur er listadagur og fínhreyfivinna. Leikum okkur með málningu, liti, skæri, lím og þ.h. Börnin fá tækifæri til að vinna með margvíslegan efnivið í tengslum við umhverfisþemað, hátíðir og hefðir. Lögð er sérstök áhersla á að nota endurnýtanlegan efnivið.

Þriðjudaga er lögð áhersla á málörvunaræfingar. Gerum léttar æfingar allt eftir aldri og þroska barnanna. Þá verður einnig farið inn á stærðfræðileg hugtök eins og tölur með aðstoð bóka og laga. Við nýtum könnunarleikinn til þess að efla skynvitund

Miðvikudaga er lögð áhersla á grófhreyfingu og slökun. Við hliðrum til húsgögnum inni á deild og gerum nokkrar æfingar sem styrkja þau. Leggjum áherslu á slökun.

Fimmtudaga er lögð áhersla á leikinn, hópleik. Þar sem aðaláherslan er á félags- og tilfinningaþroska, að þau læri að vinna saman, bera virðingu fyrir hvert öðru, geti virt skoðanir annarra, tjáð tilfinningar sínar o.þ.h. Upplagt tækifæri til náms í litlum hóp með kennara í sér rými.

Við ætlum einnig að leggja áherslu á tónlist, söng og kynna okkur ýmis hljóðfæri í vetur.

Föstudaga eru uppákomudagar þar sem börnin fá tækifæri til að koma jafnvel með eitthvað að heiman. Hægt að sjá á dagatali hverjir uppákomudagar mánaðarins eru.

Þema: Ég sjálfur

Unnið verður með þemað ég sjálfur yfir allt skólaárið og við útfærum það inn í starf deildarinnar. Við ræðum meðal annars um líkamsparta, notum tónlist og syngjum lög sem tengjast þemanu. Við lesum sögur og ræðum við tilfinningar og svipbrigði. Kennt verður að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum. Við vinnum í að styrkja sjálfsmynd barnsins, það upplifi öryggi og að læri að leysa mál sín á friðsamlegan hátt.

Leikur

Á deildinni er mikið um leik. Þá reynum við að byggja á reynslu þeirra úr hópleiknum. Það er von okkar að sú kennsla sem fer fram í hópleik skili sér í frjálsa leiknum á öðrum tímum. Þeir tímar eru t.d. föstudagar, þegar þau vakna eftir hádegið og eftir síðdegishressingu fram að lokun.

Könnunarleikur

Könnunarleikurinn er vinsæl aðferð yngstu barnanna til að rannsaka umhverfi sitt. Hann er ákveðin aðferð við leik sem byggist á rannsóknarþörf barna. Undirstaða rannsókna þeirra er auðvitað fyrst og fremst þeirra eigin forvitni og skynjun, en umhverfið er líka skipulagt á tiltekinn hátt. Þannig að það styðji við og ýti undir könnunarþörf barnanna. Börn nota flest skynfæri sín í könnunarleik, þau skoða, snerta, hlusta, sleikja. Þau pæla í jafnvægi, rými, afstöðu og fleira. Sá efniviður sem notaður er í leiknum er ýmiskonar skapandi og endurnýtanlegur efniviður s.s. rör, hólkar, keðjur af ýmsum lengdum og grófleika, krukkuok, niðursuðudósir, steinar, skeljar og ýmsu fleiru sem vekur áhuga barna. Þegar leikið er með efniviðinn er honum komið fyrir á tilteknum stöðum í hrúgur (1- 3 tegundir af efniviði saman) og hvert barn velur sér í fyrstu eina hrúgu/tegund til að kanna.

Læsi og samvera

- ✚ Samverustund er einu sinni á dag til að byrja með, þá er börnunum skipt niður á eitt til tvö svæði.
- ✚ Mikið um söng og sögur lesnar en þannig læra börnin að njóta þess að hlusta á sögur, ljóð, þulur og ævintýri. Lagaval fer eftir árstíðum, hátíðum og hefðum í samfélaginu eða viðfangsefnum sem unnið er með sérstaklega. Einnig syngjum við ýmis heilsárslög með og án hreyfinga. Þá notum við einnig loðtöflu til að styðjast við sögur og sönglög.
- ✚ Öll börn á Klöppum fá tákni fyrir upphafstafi nafna sinna, svokallað Lubbatákn.
- ✚ Bækur eru alltaf aðgengilegar fyrir börnin.
- ✚ Í hópavinnu og samveru fá börnin tækifæri til að koma fram og segja frá, segja sögu eða syngja.

- ✚ Í samveru er sérstök Lubbastund þar sem áhersla er á einn staf í viku, tákni og lagið. Svo endurtökum við og endurtökum og setjum oft Lubbadiskinn af stað í frjálsum leik og spilum Lubbalögin.
- ✚ Sjálfsmýndir eru gerðar 2 sinnum yfir veturinn.
- ✚ Ýmsar merkingar bera fyrir augu barnanna í leikskólanum, t.d. Lubbatákn á veggjum, hlutir merktir, stólar barnanna merktir og fleira.

Hreyfing og slökun.

Við stefnum á léttu hreyfingu barnanna inni á deild í viku hverri. Ætlum að blanda léttum jógaæfingum inn í hreyfinguna. Jafnframt leggjum við áherslu á mikilvægi slökunar, notum jafnvel til þess æfingar hugarfrelsis.

Ekki má vanmeta hreyfingu í útiveru en á Rjóðri fara öll börn út fyrir hádegið svo framarlega sem veður leyfir. Þegar líður að vori með hækkandi sól og betra veðri mun útivera aukast. Til að byrja með verður áherslan á útiveru á svæðinu og gönguferðir í kerru. Með vorinu er stefnan tekin á gönguferðir þar sem reynir á gönguþol og úthald auk þess að upplifa og kanna umhverfið og læra að bera virðingu fyrir náttúrunni.

SMT.

Við tökum þátt í SMT agastefnu leikskólans. kynnum reglur og notum félagslega hvatningu.

Til að byrja með munum við leggja áherslu á grunnreglurnar í innlögn.

Grunnreglurnar sem við höfum sýnilegar eru:

Fara eftir fyrirmælum

Hafa hendur og fætur hjá sér

Nota inniröddina